

**Mánudagur 6. nóvember 2017.**

<http://www.capfrance-terrou.com/>

Rene about vocabulary

Develop Implement a process, develop yourself is a personal thing. developed is something that has been worked on.

Dvelopment Progression, to from step to another

No coming back Movement

Complexity Inside view.

A photographer is developing photographs from negatives. The negative is what people tell us and we need to develop an image of them through this. To be able to do this we need training and animation and information.

Time, the photo needs time to develop (chemicals for development need time) So time is the fourth element.

Development is opposite to envelopment (wrapping). Why would we open the envelope? If we do open it we discover the small secrets. In a territory we hear that we are poor, we must have something. Sometimes the hidden secrets in the region will stop development.

Territory

Is an area where people live, for an elected person it is the area the voters live, the employer looks at the territory / market.

Area becomes territory when we talk about inside – outside. Territory is a social construct. It is a project and a political desire to achieve something. The territory will depend on the project.

The territory is somewhat defined by common things, for example a neighbor is a foreigner but you know a person on the other end of the planet if you share something with the person.

Often a link between an identity and a territory, identity is an idea.

Time, rhythm used by the population, the population needs to select their own time to develop.

Project

Has to answer what why, who with and how?

Institutions have money, we need to spend the money. What do we need to change?

Why do we need to change this?

How, is a question of method. Method is a way and process is how we do things in a period of time.

The method we use is perhaps not the shortest one but will involve people.

Third is who with? Who to choose as partners and how to link the partners. Usually not anyone but the ones you need.

Once you start the action is going to have consequences. You expect to increase the agriculture revenue. What impact do you want to have?

Analysis of the effect of the methods and tools used.

A project is concrete actions which can be based from the people. Base to working together. Think about the precise impacts.

The methods are parts of the project and built at the same time as the action. We can not use old methods.

First criteria: internal agreement (actions are agreed)

Second criteria: global description understanding the issue.

Third criteria: further investigation does not bring anything

Fourth criteria: it works.

Fifth criteria: the experts accept the change.

6. nóvember 2017.

Hópurinn kynntist og unnið var að því að búa sér til hugmyndir og spurningar til að vinna með síðar í vikunni.

Hópvinna við að útbúa grid / spurningar til að nota til að fá upplýsingar um svæðið frá þeim sem við hittum.

Hópur 3:

Spurningar:

Nemendur / væntanlegir nemendur:

Samskipti, að byggja upp traust, Hvaða hópur nemenda, hverjir koma til greina í þjálfun:

## 7. November 2017.

<http://www.ecoasis.fr>

Giang kynnti okkur svæðið Figeac.

Setja fræðilega hluti og beita þeim á svæðið í kringum Figeac.

Hvernig koma þarfir svæðisins inn í þjálfunina? Sýna hvernig það sem við vorum að gera í gær koma að því sem varðar þjálfun á svæðinu. Þetta svæði er í þörf fyrir ákveðna hæfni. Á sama svæði væri hægt að skoða okkar eigin svæði og skoða þarfir þeirra.

Sol et Civilisation. Hugveita stofnuð 1990 – 2000 til að fjalla um þetta svæði.

Hann bendir á að atvinnuleysi er nánast eina vísbendingin sem er skoðuð og hún er notuð yfir allt landið en ekki skoðuð á ákveðnum svæðum þegar verið er að skoða hvað á að gera? Giang segir að atvinnuleysið sé heldur minna hér en í landinu að meðaltali. Mihai bendir á að það getur verið erfitt að telja því fólk dettur út af skrá eftir ákveðinn tíma og svo frv. Giang segir að notuð sé stöðluð aðferð á alþjóðlegan hátt. Samt er hægt að deila um þessa aðferð.

Það er efnahagslægt en samt gengur betur á ákveðnum svæðum. Þetta svæði hafði minna atvinnuleysi en flest svæði í Frakklandi. Atvinnumarkaðurinn er öðruvísi en á iðnaðarsvæðunum. Fyrirtækin eru smá og ráða frekar fólk af svæðinu. Það er mikilvægt að vera hluti af svæðinu.

Sum fyrirtækin á svæðinu hafa minni framleiðslu á mann oft eru starfsmenn af svæðinu með minni hæfni og þjálfun og þurfa lengri tíma til að vinna verkin. Samt eru sum fyrirtækin mjög góð og standa sig vel. Renee bendir á að það eru tengsl á milli þess að fólk tilheyrir svæðinu. Á Baska svæðinu voru baskar frekar ráðnir. Svæðið er sífellt að þróa hæfni fyrir sig, Hvernig er hægt að fá starfþjálfunarkerfið til að þjálfna fólk í því sem þarf að vinna.

Francois bendir á að Reunion eyja er langt frá öllum og er því heild og ekki hægt að bera það saman við neitt. 30% atvinnuleysi á Reunion gerir hlutina erfiða, töluvert er um vel hæft starfsfólk.

Hægt er að hafa vinnu en þú ert ekki hluti af svæðinu og nýtur ekki menningar og annarra tómtunda sem þú vilt njóta. Hvað með fjölskylduna? Hvað mun makinn gera? Hvað með börnin, það þarf fjögur ár til að tengjast svæðinu. Það er erfitt að verða hluti af svæðinu.

Það þarf að hugsa um þetta líka en ekki bara vinnutengda hluti. Þetta er reyndar álit Giangs en hann vonar að við getum skoðað hvort þetta er rétt, það lítur samt út fyrir að þetta sé rétt.

Giang spyr. Er nægilegt að þjálfna fólk til næstu fjögurra til tíu ára og hvernig verður samfélagið og störfín eftir 20 – 40 ár? Eitthvað verður ekki séð fyrir. Hann bendir líka á að í Figeac er verkstæði sem byggir hreyfilvængi og eru eitt fremsta fyrirtækið í heiminum. Byrjaði sem fyrirtæki sem bjó til hreyfla úr viði valhnetutrjáa. Menntu voru áður búnir að koma sér upp hæfni til að vinna með þennan við og voru flinkir í að móta hann með ýmsum hætti. Fyrirtækið er hér enn og í kringum það eru mörg önnur fyrirtæki sem vinna saman og mynda það sem er kallað Mechanic Valle.

Hvað gerir svæðið sérstakt, Þrjú svæði.

Í kringum Figeac hefur aukið íbúafjölda um 8%

Norður svæðið er dreifbýlt og hefur tapað 41% af íbúasvæðinu.

Vestur svæðið heldur nokkuð í íbúafjöldann.

Ungs fólkið fer og eldri verða eftir og aðrir eldri borgarar flytja líka inn á svæðið. Stundum er litið á að gott sé að börnin fari og skapi sér tækifæri en þegar síðasta barnið fer er það ekki gott.

Stjórnámamenn hér segja að of margir fari, Giang segir að þá heyri hann að fólk segi að það fái ekki vinnu með þá hæfni sem það kemur með eftir nám. Renee segir að unga fólkið laðist að björtu ljósunum í borgunum. Þeir sem fá menntun fá oft þau skilaboð að þau eigi að fara. Giang segir að svæðið þurfi að hvetja fólk til að fara en líka að það eigi að koma aftur eða vera kyrrt.

Cecile bendir á að ungt fólk eigi líka að geta komið hingað án þess að vera héðan upphaflega.

Húsnæði er lélegt. 40% húsnæðis er ekki viðhaldið að ráði síðan í seinni heimstýrjöldinni. Hvernig er hægt að ætlast til að fólk komi hér við þessar aðstæður, engar eða litlar lestir, flutningar eru með bílum. Þetta eru mál sem einstaklingar ráða illa við að leysa og jafnvel ekki sveitarfélögin það þarf meira til þess.

Patrick segir að þetta þurfi að koma ofan frá.

Francois bendir á að ef allt verði leyst þá verði hér til þéttbýlt svæði sem tapi friðsældinni?

Giang: allir sem eru að taka þátt þurfa að fá að koma að þessu, Íbúar alveg eins og stjórnámamenn og þeir sem reka fyrirtækin. Eru einhverjir á móti breytingum?

Það eru einhverjir og sumir þeirra vilja alls ekki taka þátt í umræðum en reynt er að fá allar raddir fram. Það er iðnaður á svæðinu og talsverður landbúnaður. Ekki virðist vera til upprunavottorð fyrir matvæli héðan. Mikið af því sem er ræktað hér fer burtu á landsmarkað, nánast allir bændur eru í kaupfélögum. Meiri áhersla er á að vinna saman en að fá hærra verð. Lítil samvinnufélög gætu unnið með öðrum en ákváðu að vera áfram lítil. Þegar fyrirtækin eiga erfitt segja þau fólk upp. Þá fá starfsmennirnir greiðslur og stofna lítil fyrirtæki í Figeac og vilja hafa sama vinnutíma t.d. á matsölastað eða verslun. Þessir staðir eru þá lokaðir nema á dagvinnutíma. Renee segir að þetta sé ekki sérstaklega í Figeac heldur í Frakklandi. Erfitt fyrir ferðamenn að fá þjónustu.

Þetta sýnir vel hvernig erfitt er að yfirfæra hæfni úr iðnaði yfir á aðra starfsemi.

30% af veltunni koma frá eftirlaunaþegum. Svæðið er mjög háð peningum utanfrá. Brexit hefur líka gert erfitt fyrir því svo margir Bretar eiga eignir á svæðinu ásamt lækkuðum eftirlaunum.

95% af börnum eru mjög nálægt skólanum.

Árangur á prófum er góður. Mjög lítið um þjálfun í starfsnámi á svæðinu.

Lélegt internet samband.

Giang vill sýna hvað svæðið er frábært.

Dásamlegt svæði með gönguleið til Santiago de Compostela. Iðnaðarsvæðið Mecanic Vallee er aðdráttarafl fyrir fyrirtæki. Heilsugæsla er nálægt. 20 mínútur frá spítala.

Allir íbúar vilja bæta svæðið. Hvað er að búa í Figeac?

Hervé Danton

Kynning á Mecanic Valleé. <http://www.mecanicvallee.com>

Tvær gerðir iðnaðar, flugtengdur og almennur iðnaður.

Cluster, ekki bara iðnfyrirtækin heldur líka þjálfunarkerfi, rannsókna og þróunar og ráðgjafafyrirtæki. Vottunarfyrirtæki. Margt framleitt af hátæknivörum t.d. blöð í flugvélahreyfla. Tengist flugvéla og geimiðnaði, bílum og fleiru. 20 ára gamalt fyrirbrigði. 200 fyrirtæki í héraðinu og 150 eru í klasanum. Fyrirtækin borga sjálfviljug þáttökugjald í klasanum. Fyrir tveim árum 12.500 starfsmenn en nú eru 13.500 starfsmenn.

4 dreifbýl svæði, fjöldi fyrirtækja hefur aukist undanfarin ár.

Fjórir ásar:

Rekstur. Vilja tengjast fjölmiðlum þannig að þeir eigi greiða leið að fyrirtækjunum. Eru pallur fyrir heimsóknir og skipulag þeirra.

Nýjungar og þróun.

Orkusparnaður í fyrirtækjum. Fyrirbyggjandi viðhald. Sum fyrirtækin búa að aðferðum vegna ákveðinna krafna í iðnaðinum og geta fært þá hæfni til annarra fyrirtækja, stundum stór fyrirtæki til lítilla og stundum frá litlum fyrirtækjum til stærri, jafnvel bara smáa hluti.

Þjálfun:

Búa þegar við mjög mikilvæga reynslu í þjálfun starfsmanna og nýliða. Vilja ekki taka fólk úr ferðamennsku eða landbúnaði. Vilja ekki vera í alltof mikilli samkeppni heldur vinna með þeim svo sem landbúnaði, ferðaþjónustu, menningu. Ef ekki er hægt að fá afþreyingu flytur fólk til Toulouse.

Iðnaður er framtíð margra og við viljum fá bekkjarhópa úr skólum í heimsókn í fyrirtækin um 13 ára aldurinn áður en þau festast í hugmyndum um framtíð sína. Stjórnendur fyrirtækjanna fara í skólana. Mikilvægt að fá skilaboð frá nemendum, fáum upplýsingar frá þeim um það sem þau hugsa. Skoða hvaða þarfir fyrirtækin hafa fyrir þjálfun starfsmanna á næstu árum. Reynt að hafa nákvæmar upplýsingar um slíkt. Ca 90% þurfa að hafa starfsþjálfun. Þurfa ca 300 manns á ári vegna þess að sumir fara á eftirlaun og svo stækka fyrirtækin. Nota margar leiðir til að fá fólk. Meðal annars skilaboð til ferðamanna um að ef þeim líkar svæðið gæti verið hægt að fá starf hér. Helmingur

starfsmanna er þjálfaður í skólum. 25% koma úr annarri atvinnugrein, oft atvinnulausir, og reynt er að fá þau í þjálfun. 25% koma utanað.

Vilja fólk á þjálfunarsamning.

Hafa mjög nákvæmar upplýsingar um hvaða þörf er fyrir starfsmenn. Hafa skapað nýtt fyrirbrigði til að fá mismunandi starfsgreinar saman í tækniskóla. Þar er reynt að skapa ný störf og ná nýrri hæfni. Cours academy er að vinna með Erasmus plus verkefni um að finna nýjar þjálfunarleiðir og skapa nýjar starfsgreinar innan bílaiðnaðar. Nota E-learning kerfi.

<http://www.coursacademy.com/soutien-scolaire-figeac-46-i373.html>

Mikilvægt að fá fram tengingu milli þjálfunar og fyrirtækjanna. Það hefur verið erfitt að fá fólk í þessum tveim hópum til að tala sama tungumál.

Hvernig er tengingin á milli klasans og þjálfunarinnar?

Ræða saman og finna svo markmiðin til stutts tíma. Það þarf að bregðast fljótt við. Ca 20% af þeim sem þarf að ráða þurfa að vera verkfræðingar /háskólamenntaðir. Það er hægt í stærri fyrirtækjum að ná sér í meiri menntun, fara í verkfræði en í smáum fyrirtækjum gerist slíkt ekki, oft ekki verkfræðilærðir starfsmenn sem kaupa fyrirtækið og halda áfram að reka það þegar fólk fer á eftirlaun.

Þrátt fyrir að þurfa ekki að fjölga starfsmönnum þarf 300 manns á ári til að koma í stað þeirra sem fara á eftirlaun. Helingurinn kemur úr skólum á svæðinu.

Nedim spyr um það hvernig hægt er að fá fólk til að koma aftur til baka frá borgunum?

Renee segir að í París höfðu menn ekki trú á þessum klasa. Ef stjórnámálamennirnir hefðu átt að gera þetta hefði þetta aldrei tekist. Það þarf fólk á svæðinu til að koma svona af stað.

Giang segir að ungt fólk á aldrinum 25 – 30 ára komi til baka, hugsu sér tækifæri til að vera með eigin rekstur eða eru með starf hér. Ecoasis er dæmi um að ungt fólk komi til baka. Á morgun sjáum við fleiri dæmi um þetta. Fyrst er að finna út hvernig á að byggja eitthvað sem er eco friendly og fá það til að vera lífvænlegt sem rekstur. Kjósa lífstíl sem er ekki eins og var áður á þessu svæði?

Það þarf margt til að þetta gangi, ýmis samtök og skipulag. Patrick bendir á að hér er reynt að þjálf fólk í því sem þarf en á ýmsum stöðum er fólk menntað og þjálfað án þess að þörf sé fyrir það.

Renee bendir á að mikilvægt er að hafa jafnvægi milli opinbera og einkageirans.

Góðar umræður um það hvernig þróun á svæðum getur orðið, sumt er heppni en vilji og vinnubrögð eru líka mikilvæg. Vallonía á millistríðsárunum eitt af þremur mestu iðnaðarsvæðum heims en eftir að kolin hættu að vera drifkrafturinn er það eftirá. Flóttamannavandamál eru vandamál en líka tækifæri í að hafa ungt fólk sem hefur hæfni og kraft. Bent er á að flóttamenn leita oft í borgirnar. Líka var talað um allskonar krafta sem hafa áhrif á það hvort fólk vill setjast að á svæðinu.

14.30

Eftir góðan hádegisverð í Ecoasis kom Meryl Parisse frá Figeacteurs sem er samvinnufélag 650 framleiðenda í landbúnaði.

<http://www.figeacteurs.fr/>

Samstarfsvettvangur

Nefnir að við erum suður af Figeac og ræðir um jarðveginn.

1985 varð til samvinnufélag bænda. Tvö samvinnufélag sameinuðust. 20 sem unnu hjá því og 200 bændur. Byrjuðu að þróa landbúnaðarhlutann með Sol et civilisation.

160 manns meðal annars kjörnir fulltrúar og bændur unnu að því að skoða hvernig hægt væri að halda áfram að búa hér. Við erum ekki frá þessu svæði eða hinu heldur frá Figeac svæðinu. Það varð heimavöllur félagsins.

Nota short chain management, fáa milliliði fyrir framleiðsluna.

Byrjað að þjóna bændunum, selja áburð og fleira. Síðan voru opnaðar búðir með framleiðsluna.

Byrjuðu á þessum fáum milliliðum. Ca 5 milljón Eur á ári og 26 starfsmenn.

Svo var farið að skoða þýskaland og endurnýjanlega orku. Framtíðin skoðuð og reynt að spá fyrir um hana. Fyrst leit allt frekar illa út með að halda þessu samvinnufélagi. Verið var að selja vörur og fá frekar lágt verð.

Þeir snéru sér að framleiða ekki bara mat heldur reyna að nota landið fyrir allt mögulegt annað.

Reyna að skoða allar hliðar. Farið af stað með fjögur svið.

Sólarpanelar hjá mörgum bændum.

Vindmyllur.

Sögunarmylla sem nýtir við úr nágrenninu.

Vinna með fólki frá Toulouse (Group Toulouse) sem er hugveita um þróun. Þar var spurt um það hvernig er hægt að byrja að setja upp starfsemi. Byrjað að reyna að vinna að því að skoða hvaða þörf var á þjálfun. Nýjungar koma með þeirri færni sem menn ná sér í.

Toulouse group gerði bækling með leiðbeiningum. 2013 voru tveir möguleikar.

Þjálfun, og stjórnun (governance). Til að fá fólk með þarf að ná að opna möguleika fólks.

Sveitarstjórnir fá minni og minni peninga. Hvernig er hægt að fá alla til að vinna saman?

Mjög sérstakar aðstæður í Frakklandi með stofnanir. Það þarf að vinna með öðrum, ekki hægt að vinna þetta einir. Vandamálið er að það vantar þösson fyrir börn. Með hjálp fimm fyrirtækja var hægt að starta leikskóla. Þannig var hægt að komast fyrir vandamálið.

Kona að nafni ?? nýlega byrjuð að vinna hjá Figeacteurs. Verkefni til að skoða framtíðina. Pays de Figeac eru samtök á svæðinu. Þeir unnu með Figeacteurs að því að þróa ýmislegt og hugsa um framtíðina á svæðinu. Síðan fóru þessi samtök að nokkru leyti hvert sína leið.

Pays de Figeac hætti en svo er Figeacteurs ekki rekið af opinberum aðilum. Vildu halda áfram að

gera það sem Pays de Figeac var að gera m.a. barnapössunina.

Nokkur mismunandi samtök á svæðinu úr ýmsum áttum vinna saman að því að þjóðfélagið verði betra.

Hægt að koma að samtökunum úr ýmsum áttum. Einkaaðilar að mestu, fyrirtæki og ýmsir aðrir koma saman að því að efla svæðið. Vinna að því saman að koma af stað verkefnum í ýmsum geirum. Þetta eru atriði sem enginn getur gert einn heldur þarf marga til.

Unnið er að verkefnum sem eiga að koma mörgum til góða. Nota spár um þróun og vinna í samræmi við það sem búist er við að gerist. Unnið er að short chain management.

Það er unnið með samvinnufélaginu. Ýta undir ímynd staðbundinnar framleiðslu. Vinna að því að vinna úr grænmeti til að hægt sé að fá staðbundna framleiðslu. Endurnýjanleg orka er eitt af því sem unnið er með. Þau vilja halda ágóðanum af verkefnunum í héraðinu. Sumir bændur hafa meiri tekjur af þökunum á húsunum en frá kúnum sínum með því að selja raforku.

Oft þarf að horfa þannig á að annaðhvort þarf að fá sérstaka kunnáttu frá öðrum svæðum eða þjálfra fólk á staðnum til að leysa málin. Mikilvægt að fá aðila úr mismunandi áttum til að hittast og ræða málin. Koma saman háskólanum og fyrirtækjum á svæðinu. FabLab er í undirbúningi, verður í háskólanum.

Ný hugmynd sem felur í sér að innkaup og fleira er sameiginlegt. Concierce. Stjórnendur hafa oft mikla dagskrá og þá er hægt að létta sumu af þeim með samvinnu.

Verið er að horfa til framtíðar, Figeacteurs er ungt fyrirbrigði og vill fá að verða sýnilegra. Hvernig getur svona svæðis samvinna staðist til lengdar. Eitt af því sem er að fást við er að þetta er einkafyrirbrigði og þarf að ná meiru sambandi við opinbera aðila. Ef við förum aftur á bak má segja að eitt af því sem gerir svona að árangursríku starfi er að tala við alla og hafa mörg sambönd. Vinna að mörgum verkefnum meðal annars utan svæðisins.

Að hafa svæði til að vinna, halda fundi án veggja. Í Frakklandi er algengt að unnið sé samhliða án þess að vinna saman.

Hvaða færni búum við yfir? Hvaða færni þarf að bæta við og þróa?

Polinmæði og skilningur á því að hlutirnir taka tíma.

Spurt um (Michel) Hvernig er með Mecanic Vallee? Þeir vinna með Figeacteurs en eru ekki meðlimir. Figeac er 10.000 manns. 1500 iðnaðar störf fyrir 10 árum 2500 nú. 3500 störf eftir 3 ár.

Hvernig hlusta þessi samtök á svæðið? Oft er byrjað á viðburðum til að fá fleiri saman og fá hugmyndir. Síðan er unnið með hugmyndirnar áfram.

Eruð þið ekki að gera það sem sveitarfélögin ættu að gera? Með því að fá sem flesta að verki ætti að vera það sem sveitarfélagið ætti að gera, þar er oft unnið ofanfrá og niður og því miður eiga raddir íbúanna ekki greiða leið þangað.

Tveir lykilþættir til að fá fólk hingað, færnin og samvinna við að fá fólk á svæðið.



Sveitarsjórnarmenn vinna að því að verða endurkjörnir en það þarf mun lengri tíma til að vinna að þessum málum. Sem hópur íbúa eru þau að vinna að hlutum sem stjórnámálameinirnir geta komið og klippt á borða. Hlutirnir hafa að hluta til snúist við, áður voru það stjórnámálameinirnir sem settu stefnuna en núna er það í höndum íbúanna. Á öðrum stað í Frakklandi unnu 15 manns í svona klasa en nú eru það 2500 manns sem vinna þar. Stjórnámálameinirnir koma núorðið til þessara samtaka til að fá stefnuna.

Rætt um tengsl við starfsþjálfunarkerfið og í einhverjum tilvikum er það gott en ekki í öðrum. Það þarf færni á öllum hæfniprepum, það þarf háskólamenntun og líka iðnaðarmenn.

Ef þessi samvinna sem nú er í gangi kom ekki bara af himninum, hvernig verður þetta til? Hvernig er til dæmis unnið að því að fá ungt fólk til baka?

Samhengið sem fær svona samvinnu af stað er ekki einfalt. Þeir voru samvinnufélag og á svæðinu. Það að til verða samtök á mörgum sviðum er mikilvægt. Ekki bara horfa á ungt fólk á þessu svæði heldur einfaldlega allt ungt fólk. Margt smátt gerir héraðið gott til að búa í, barnaheimili, störf fyrir maka og fleira, hvernig þjónusta er fyrir hendi.

Hvaða hlutverk hefur starfsþjálfun á svæðinu? Til að vinna með þeim þurfa þau sem vinna í skólunum að fara út úr sínu sviði, ekki bara vinna á svona takmörkuðu sviði. Til dæmis fara kennarar úr tækniskólanum til Toulouse en ættu að heimsækja fyrirtækin á svæðinu.

Sameiginleg gæði eru fólgin meðal annars í að allir hugsi um margt en ekki bara um sitt svæði / svið.

Eru námssamningar? Flestir sem stunda nám í Figeac gera það af því að það er ódýrara að búa þar eða hafa ekki komist inn í skóla í Toulouse.

Þau kvarta undan því að skólinn er lítið tengdur umhverfinu og mjög lítið um þjálfunartækifæri fyrir nemendur á svæðinu. Þekkir landbúnaðarnámið vel og hann verður reiður út af því. Það vantar nám í landbúnaði sem passar við þarfir landbúnaðarins. Margir bændur hætta og þarf fólk til að taka við. Vilja vinna að þessu með landbúnaðarskólunum.

Spurning um hver ákveður hvaða þjálfunartækifæri eru í boði? Það eru svæðisyfirvöld sem spyrja ráðuneytið. Margir vilja stunda landbúnað.

<http://www.ecoasis.fr>

Kynning á Ecoasis.

Ákveðið var að hafa fundinn hér af því að Manu og Audrey eru gott dæmi um það sem verið er að tala um. Hvernig fundu þeir hvað þau vildu gera, hvernig náðu þau í færnina sem þarf og svo frv.?

Búin að búa víða eftir nám í hótélrekstri. Unnu á hótélum og sáu margt. 2009 voru þau á Spáni og þá kom efnahagslægð. Þau vildu breyta alveg um takt. Fóru að skoða ecotourism í Frakklandi. Fóru á bíl frá Spáni að skoða svæðin. Þótti gott að koma í Figeac, góðar móttökur. Camino gönguleiðin var framhjá. Þurfti að hafa flæði af fólki framhjá svo það hentaði vel. Um leið og þau vildu vera við gönguleiðina þá vantaði gistingu einhversstaðar, hér vantaði gistiþláss. Svo heillaði staðurinn.

Eftir að ákveðið var að setjast hér að stofnuðu þau hóp af fólki úr ýmsum áttum sem komu með ýmsa sérþekkingu og færni. Á hverjum fundinum eftir annan þróaðist verkefnið þegar gestirnir bentu á að betra væri að gera hlutina á annan hátt og þannig varð þetta til. Þau voru ekki sérfræðingar um var reksturinn og áætlanir um hann. Þau fengu konu með sér í því.

Umhverfismálin: eru með sólarpanela til að hita vatn. Þurrsalerni og jarðgerð úr því. Vel einangruð hús og náttúruleg byggingarefni. Hitakerfið notar pellets. Vatn er sparað. Kaupa vörur af nágrönnum á veitingahúsið. Vinna með nágrönninu. 50% af fólkinu er vegna gönguleiðarinnar. Aðrir eru mikið hópar. Fundir, hellaskoðarar, brúðkaup og fleira. 26 rúm niðri og 5 uppi, 3600 manns á ári. Margir borða líka. Flestir eyða að meðaltali 40 – 50 Eur. á nótt.

Eru ekki á bókunarsíðum og vinna til með einhverjum þjónustuaðilum í nágrönninu, eru ódýr og borga ekki öðrum fyrir þjónustu við reksturinn nema sem minnst.

kl. 17.

Giang tók saman: Sýnir aðferðir þeirra við að skoða svæði. Grid sem þau nota.

Anticipating future economic activities and skills

Skoða hvaða efnahagslegir þættir og færni er líkleg.

Training tools and services

Organization and local governance.

Á milli þessara þátta verður til: Anticipatory management of local / territorial activities and skills.

Spurningar:

Hvað er svæðið, hvað merkir það að búa á svæðinu, hvernig afmarkast svæðið? Landfræði, menning og slíkt. Hver er raunveruleikinn, fólksfjöldi, aldursdreifing, flutningar, af hverju er það þarna og af hverju fer fólk?

Eftir að fá þessar upplýsingar er spurt um það hver eru svörin á svæðinu við þessu? Eru þau svör nægjanleg? Getur svæðið sjálft núna gefið fólki tækifæri til að starta verkefnum, rekstri og slíku?

Er kerfið sem er á svæðinu nægjanlega sterkt að ráða við breytingar? Breytingar sem hægt er að sjá fyrir? Hvernig er hægt að sjá eða fá að vita eða ímýnda sér hvernig hlutirnir verða? Hverjir sjá þetta fyrir? Hvaðan koma spárnar, með hvaða gleraugum og hvaða aðferðum er beitt? Mikilvægt er að skoða málið með sem flestum? Við hverju búumst við? Hvað er það sem við viljum að gerist?

Hvernig er hlustað á unga fólkið? (nefnir dæmið um þjálfun í að sjá um hunda ogketti þegar nánast ) engin störf eru á því sviði.

Það er ekkert í Frakklandi sem segir þjálfunarmiðstöðvum að hlusta á umhverfið, atvinnuvegin.

Þjálfunarmiðstöðvar, hafa þær hlutverk og hvernig sjá þær fyrir sér framtíðina?

Hvernig skipuleggur fólk sig þannig að það geti spáð fyrir um framtíðina?

Hér hefur valdastaðan snúist við, kjörnir fulltrúar hafa mun minna vægi en fyrirtæki og samtök á svæðinu hafa mun meira vægi.

Hvernig talar fólk saman, hvernig er samræðan? Hvernig eru teknar ákvarðanir? Hversu breitt er samstarfið? Hvernig fær einhver aðild að þessu kerfi sem tekur ávarðanir? Hverjir tala saman, er hópurinn lokaður eða opinn?

### **Miðvikudagur 8. nóvember 2017**

Funduðum í húsi þar sem margir aðilar sem koma að atvinnuleysimálum og þjálfun starfsfólks hafa aðstöðu. Frá því í öndverðu hafa þessar stofnanir gert lítið til að vinna samana en nýleg lög breyttu þessu þannig að víða voru þær settar á sama staðinn og eiga að vinna saman. Sambúd þessara stofnana er ekki góð því þótt þær séu á sama stað er lítið gert til að samhæfa starfið. Árið 2014 var þeim stöðum fækkað þar sem stofnanirnar eru í sambýli og nú er þetta fyrirkomulag nánast eingöngu þar sem þessar stofnanir eru að vinna á ákveðnu svæði og það er einmitt hér í Figeac.

Giang sagði að líklega væri manneskjan sem við munum hitta seinna í dag ein af þeim sem heldur þessu saman.

Þennan morgun munum við ræða hvað við gerðum í gær og skoða hvað við höfum lært.

Olivier biður fólk um að fylla út eyðublað: Beðið um að nefna merkilega hluti sem fólk hefur heyrt um.

**Michel og Cecile – Figeacteurs** Að þau vilja vera ábyrg fyrir framtíð svæðisins. Að sjá fyrir sér framtíðina byggt á gögnum, setja upp þrjár mögulegar leiðir í framtíðinni, gott að þau vildu vinna að því að breyta þróuninni og vinna með öðrum. Flókið að sjá fyrir sér hvernig sveitarstjórnir og fleiri aðilar vinna saman.

**Nedim – Mecanic Vallee:** Gott að svo fáir eru atvinnulausir, kom á óvart að það eru svo mörg fyrirtæki á þessu svæði, flókið hvernig kerfið var varðandi sveitarstjórnir og fleiri aðila (þar til hann fékk útskýringu).

**Francois -** Ánægður með hve áhugasamt fólkíð var sem sagði okkur frá. Hissa á því að hægt væri að fá svo mörg fyrirtæki til að vinna að sama marki. Flókið að allt sem var sagt frá þá gekk allt svo vel, hvað gengur illa kom lítið fram.

**Hildur -** Ánægð með allan daginn. Margt sem kom fram sem getur verið nytsamlegt og hún getur notað í okkar stöðu. Ánægð með félagslegar spurningar, hvernig hægt er að draga fólk að svæðinu. Mest hissa á afstöðunni til sveitarstjórnanna. Flókið að átta sig á hvernig hlutir virka hér.

**Patrick -** Líkaði að hér sem hann hélt að væri enginn, að með vilja og samvinnu er hægt að gera margt. Gærdagurinn var upplýsandi, hann fær von um að hægt sé að gera margt þar sem kannski er ekki neitt margt sérstakt til að byggja á. Hann minnti á orðatiltæki um að ef þú ferð einn ferðu hraðar en ef þú ferð með öðrum ferðu lengra.

**René – Mécenic Vallée** Vill ekki segja of mikið um það sem hann heyrði því hann veit svo mikið. Var ánægður með kynninguna á Mécenic Vallée því þegar þetta byrjaði hafði enginn trú á því. Áberandi að heppni (réttur tími, rétta fólkið) kemur þar inn. Mikilvægt að byggja inn leiðir til að vinna hratt með það sem gerist. Útskýrði hvernig þetta kom til vegna þarfa iðnfyrirtækja, nokkurra sveitarstjórnarmanna og eins manns í héraðsstjórninni.

**Valdas og Rasa - Ecoasis** Þau komu hér til að ná í tæki til að greina svæði. Það er erfitt því að tækin eru háð kerfinu sem unnið er í. Ánægð með staðinn sem við vorum á. Jákvætt verkefni sem fengu stuðning og standa sig svona vel. Hissa á Figeac samvinnufélögunum að þau voru ekki að vinna vel með sveitarstjórnunum. Gott að Sol and Civilisation er til.

**Jasmine – Ecoasis** Talaði við Manu og Audrey og vildi nýta sér þá reynslu til að flytja með sér til Bosni. Þau höfðu ferðast víða og koma sér svo fyrir í dreifbýlinu og geta gert þetta. Þau greindu stöðuna og náðu takmarkinu. Flókið að sjá hvernig þau fengu stuðning.

**Jóhannes – Figeacteurs.** Líkaði að heyra um svona samtök sem geta gert margt til að fá fram hugmyndir og vinna að samvinnu og framförum. Hissa á að heyra um skort á barnapössun og flókið að sjá hvernig hátækniðnaður getur búið við að konur geti hugsanlega ekki nýtt sér reynslu, þekkingu og hæfni sem þjóðfélagið þarf að nýta.

**Mihai og Silvia.** Töluðu um Mécenic Vallée og voru mjög ánægð með það. Ecoasis var líka mjög ánægjulegt að vita. Hissa á umsvifunum á svæðinum, hissa á hvernig gekk að fá svona marga til starfa á svæðinu. Hissa á að Manu og Audrey skyldu koma á svæðið. Erfitt að skilja hvernig svona margar stofnanir geta unnið saman. Margar stofnanir og samtök vinna á svæðinu. Notaði tölvuna til að tala á frönsku.

**Cyrceé** Líkaði að sjá svona marga og hvernig þeir vinna saman að sameiginlegum hagsmunum. Hún er sjálfboðaliði í FabLab og þar er unnið á allt annan hátt. Var sammála Jóhannesi um aðstöðu kvenna þyrfti að skoða. Jafnvel að það hefði þurft að ræða um pólitíska stöðu fólks og hvort einhverjir þeirra eru kjörnir fulltrúar.

**Renee** bæti við að hlutirnir eru flóknir þegar rætt er um pólitík, sumir vinna algerlega út frá fyrirtækjunum en aðrir vinna út frá þjóðfélagslegum aðstæðum. Það að ræða um hlutina út frá því að peningar koma er mjög varasamt þegar rætt er um þróun svæðisins.

**Emma** var ánægð með hversu þátttakendurnir voru einbeittir. Þýðingin var þínu erfið. Hissa á að við séum hissa á hversu flóknir hlutir eru í kerfinu.

**Giang** Hann uppgötvaði hópinn í gær, vill koma á framfæri sinni mynd af hópnum. Renee og Giang eru ánægðir með hvernig hópurinn virkar, hvað andrúmsloftið er gott fólki. Ekki endilega víst í svona verkefni að allir treysti sér til að tala. Skilin á milli þróunar svæðisins og þjálfunar á svæðinu, hann veit ekki nægilega mikið um tengslin þar. Hugmyndin um dagskrána í gær var að sýna að hugmyndin um þjálfun er í miðjunni þegar rætt er um þróun svæðis. Hugmyndin var að sýna hvernig þetta tengist allt. Leiðin til að virkja allar tengingarnar er svæðið. Þegar dagskráin var búin til var ekki tekið

með formlega pólitíska kerfið eða annað sem hefði gert það auðveldara að skilja hitt. Vildi að það kæmi fram að allt fólkið sem við hittum í gær hefur sína pólitík en í jákvæðri merkingu. Þessi vika verður til að kynnst svæðinu en mikilvægt er að við getum borið það saman við okkar svæði.

**Brigit** Spurningin um þjálfunina er aðalspurningin. Það var ekki mikilvægt í umfjölluninni í gær. Samvinna á svæðinu er svo mikilvæg og að vita hvaða svæði er rætt um. Í gær sagði fólk ekki nægilega frá því hvernig þetta snerti allt hvert annað. Um þjálfunina er athyglisvert að sjá að hún byggir á þörfum en líka á fólkinu. Kannski er þjálfunin byggð að miklu leyti á starfsgreinum.

**Jóhannes fyllti út blað.**

**Experience form: after the training session in Grealou**

**Story from outside:**

The context; set the scene - Figeacteurs

The theme: choose a step, a moment, an event, an outcome of the experimentation process to capitalise.

A loosely defined structure of interested people and associations that make a platform for action.

The story: tell it with facts and figures (players, results, strengths, weaknesses, solutions found, innovative aspects etc).

Public initiation, appears positive, but I am worried about if there is open discussion. Is there room for disputable issues (using resources vs nature reservation). Is there a structure for democratic participation or do just a few people control everything? In Figeacteurs, is there a controlled way of having the opinion of different groups / interests / views? Children, teenagers, young adults, parents/ family people, older adults, retirees, women, men, handicapped, academics, practical working/thinking people, philosophers, artists, entrepreneurs and other .... Yes they said they had this platform but does it work, are they critical enough of their actions, critical of themselves?

Your story from inside:

What did I like? That it is voluntary, public initiated.

What surprised me? That I hear that in 2017 there is modern industry and an issue of childcare.

What was complicated to me? The structure of Figeacteurs.

What did I learn / what changed me? The conclusion I drew that women in this region can have good training and education but they may have to choose between family life and a career the society desperately needs them to have. (Probably I am wrong).

4 pieces of advice for people who would like to be inspired by your story.

If you had a title to your story what could it be? Public Interest works.

Cyrcee stýrir nokkurskonar leik til að rifja upp. Skrifuðum hugmyndir og atriði á postit miða og þeim var svo raðað saman í klasa sem áttu saman. Þannig varð til einhver mynd af því hvaða hugmyndir var unnið með

### Miðvikudagur 8. nóvember 2017.

Eftir hádegisverðinn kom kona að nafni Christine Gendrot sem er ný hætt að vinna en var að vinna í þessu húsi við atvinnuaðstoð. Hún kom hingað að vinna fyrir atvinnumálastofnun af einhverju tagi. Hún er líka kjörin fulltrúi í bæjarfélaginu. Hún er varaformaður samtaka sem kallast Culture and Heritage of Grand Figeac.

Farinn var hringur þannig að við kynntum okkur fyrir henni.

Hún sagði frá því að hún hefði átt þátt í að þróa tilboð í þjálfun fyrir störf. Á árunum 1960 – 1970 var eingöngu landbúnaður og flugvélaíðnaður og hann hefur síðan blómstrað.

Flugvélaíðnaður fór upp og niður en núna er mikið að gerast í þeim iðnaði og það er mikilvægt fyrir svæðið. Það gerir landbúnaðinum erfiðara fyrir. Hún ræðir um húsið sem við erum í, þar eru margar stofnanir og samtök sem vinna að atvinnumálum eða þjálfun. Einnig eru í boði íbúðir fyrir fólk sem kemur hingað að læra og fá þjálfun. Allir þessir aðilar unnu að greiningu og vinna saman að því sem er gert.

Netið af þessum aðilum er mjög virkt en þrátt fyrir það eru ýmsir í samfélaginu sem vita ekki um þjónustuna sem er veitt. Sumir hópar -, konur, fatlaðir, aldraðir og einhverjir í verri stöðu í þjóðfélaginu leita að vinnu en eru ekki hreyfanlegir, vilja ekki fá vinnu langt frá heimilinu. Aldurinn eykst. Sumir af þeim sem stýra fyrirtækjum eru orðnir gamlir og þá vantar færni sem er nauðsynleg. Sum störf í iðnaðinum hafa ekki gott orð á sér. Meðal menntunin er frekar lág og það vantar fleiri starfsmenn með góða þjálfun og menntun. Þrátt fyrir góðan ásetning eru ýmis vandamál í héraðinu.

Vinna þarf að ýmsu varðandi það hversu álitlegt er að setjast hér að. Vinna sveitarfélagsins er mjög mikilvæg (Grand Figeac er svæði sem nær yfir meira en bæinn eða sveitarfélagið). Stefnt er að því að búa til house of health, nokkurskonar heilbrigðisþjónustu og fleira skylt. Frír strætó. Þurfa að þróa iðnaðinn, landbúnaðinn og þjónustu við fólk t.d. öldrunarþjónustuna. Iðnaðurinn sýgur allt í sig, ruðningsáhrif. Mörg smá fyrirtæki í ýmsum greinum ásamt stærri öflugum iðnfyrirtækjum en stærri fyrirtækin sjúga til sín nánast alla á vinnualdri.

Eitt af því sem unnið er að er þjónusta við fyrirtæki, ódýrar skrifstofur til að byrja með fyrirtæki. Unnið er með þeim sem sjá um starfsmenntun og þjálfun. Það getur vel verið að alltaf sé verið að vinna að sömu hlutunum en með tímanum eru þau orðin flinkari við að sinna þessum þörfum. Job dating voru í fyrstu ekki þannig að fyrirtækin vildu vera með en nú biðja þau um að slíkt verði skipulagt. Til að viðhalda vinnuaflinu reyna þau að efla allskyns starfsemi. Nýlega er farið að vinna meira með þeim eru með ferðaþjónustu. Í þessu verður til færni sem færð er á milli vinnustaða og hjálpar fólki við að skipta um störf. Mörg þessara atriða eru samt á ábyrgð fyrirtækjanna að skipuleggja þjálfunina, ennþá er ósamræmi milli útskrifaðra og þeirrar hæfni sem fyrirtækin og svæðið þarfnast. Þetta ósamræmi er líka fólgið í því að sum iðnfyrirtækin þurfa sífellt meira af háskólamenntuðu fólki, atvinnulausir eiga líka litla möguleika á að ná þangað. Margt ungt fólk nær sér í mjög stutta þjálfun eða flytur burtu. Talsvert er í boði af menntun og þjálfun á háskólastigi eða

framhaldsskólastigi. Tækniháskólinn er einn af þeim minnstu í Frakklandi og þar er áherslan á tækni og átti að koma til móts við þörfina á svæðinu. Það er talsverð áhersla á það frá starfsmenntaaðilum á svæðinu að koma til móts við þarfir fyrirtækjanna. Einnig þarf að fá fólk sem getur séð um félagslega hluti og heilbrigðisþjónustu til dæmis að sjá um eldri borgarana.

Hægt er að þjálfar sig á sviði tækni til tæknifræðistigs (20 ára aldurs) en í Frakklandi er menntakerfið mjög seint að breytast og aðlagast. Er einhver tenging á milli skóla og náms fyrir þá sem eru eldri? Nei, því miður er það ekki gott ástand á þeirri tengingu.

Til dæmis þegar rætt er við nemendur í skólum er erfitt að nálgast skólana en hefur gengið heldur skár undanfarin ár. Farið er í heimsóknir í fyrirtæki með atvinnulausum og þar kemur stundum í ljós hverjir úr hópnum gætu nýtt sér þjálfun á því sviði. Sumt af þeirri þjálfun er stutt og kemur ekki í staðinn fyrir það að þjálfar fólk á formlegan hátt fyrir efri hæfniprep. Fyrirtækin eru að þróa þjálfunarmiðstöðvar Menntamálayfirvöld í Frakklandi vilja á síðustu árum ná meira samband við fyrirtækin.

Til að halda svæðinu lifandi þarf bæði að halda unga fólkinu og fá fleiri á svæðið. Hversu aðlaðandi er svæðið? Til dæmis var búin til mynd / kvikmynd um fólk sem kom á svæðið og var hér í einhver ár og spurt var af hverju þau fóru ekki í burtu og fram kom í myndinni ástæður þeirra til að vera um kyrrt. Nokkuð er um tónlist og fleira sem getur haldið í ungt fólk. Þetta svæði er nokkuð einangrað og fyrirtækin eru að átta sig á sínu lutverki í því að gera svæðið aðlaðandi. Svæðisyfirvöld eru líka að horfa á þjálfunarstöðuna, hvað þarf og hvernig gengur.

Michel með spurningu um þjálfunina hjá fyrirtækjunum en það er á framhaldskóla og tæknifræðistigi. Mun sú þjálfun leiða til skírteina sem gilda annarsstaðar eða bara hjá þessu fyrirtæki, bæði sérhæft og almennt skírteini?

Námssamningar, eru þeir þróaðir, og svarið er nei þannig að þjálfunar miðstöðvar fyrirtækjanna virðast ekki eiga að byggjast á því. Í gær heyrðum við að sú þjálfun sem við heyrðum um í landbúnaði væri ekki í tengslum við þörfina en hér er aðeins annað að heyra. Bent er á að það eru mjög víða sama færnin sem vantar, rafvirkja, málmsuðufólk og fleiri.

Er pláss í þessu húsi eða annarsstaðar þar sem væri hægt að ræða þetta sérstaklega að það vantar þjálfun á ákveðnum sviðum? Það er reynt t.d. með því að skipuleggja aðtburði seme sýna hvaða möguleikar eru á störfum með þjálfun.

Tvöfalt vandamál eða á tveim sviðum, bæði hversu störfin eru aðlaðandi og hver er þörf svæðisins á ákveðinni hæfni.

Þetta fyrirbrigði er opinbert og verið er að ræða um opnar leiðir fyrir nýjungar í þjálfun en þarft að falla inn í opinbert regluverk. 1993 var þetta hús stofnað af sveitarfélaginu. 2000 urðu breytingar á kerfinu á fylkisvísu.

Í Frakklandi er samkomulag milli fylkjanna og ríkisins. Þar er kveðið á um skipulag á mörgum sviðum. Þetta samkomulag kveður á um markmið og að peningarnir eiga að fara í það. Ríkið hefur meiri völd

um þetta.

Þið gerið greiningu á þörfum svæðisins, hvernig er það gert? Viðskiptaráð, samtök fyrirtækja á svæðinu og fleiri samtök gefa upplýsingar um þetta og þeim er safnað saman. Út úr þessu kemur ábending um það að það vanti fólk á ákveðnu sviði og farið er í að skoða hverjir í þeim hópi sem eru atvinnulausir og gætu farið í þessa átt sem þörfin er fyrir hendi.

Takk fyrir, þessi kynning hefur skilað svörum og skilningi og spurningum en það gæti þurft tíma til að skoða betur hvernig allt virkar.

René tekur saman þessa þrjá daga. Vísar í teikningu.

Kortið sem er hjá okkur sýnir bilið á milli þarfanna og þess sem þjálfunarkerfið gerir og hvar er bil á milli.

Það er kennsla og þjálfun á einu horni fjórflötungsins, á öðru horni eru atvinnugreinar og þriðja horni eru svæðin. Fjórða hornið eru activities eða virkni.

Línur tengja þetta saman. Sjá myndina.

Brigite bendir á að þarna vantar hvernig á að gera þetta. Hvað gera aðrir á svæðinu með þjálfunina? Stundum er þjálfun á sviðum sem lítið er að gera með en ýmsir hafa áhuga á en leiða ekki til starfa. Ef þjálfunarmiðstövar myndu vera hógværar þegar þær koma að hitta aðila úr samfélaginu.

Í stjórnnum þjálfunarmiðstöðva hljóta að vera einhverjir sem hafa innsýn í eða umboð til að vita um og setja fram kröfur um innihald þjálfunarinnar.

### **Fimmtudagur 9. nóvember 2017.**

Komum í þorp í nágrenni Toulouse eftir tveggja og hálf títíma akstur frá Terrou.

Þar var bókasafn og við komum inn í sal í eldgömlu húsi þar sem heimamenn voru með borð og klappstóla í einhverju sem gæti verið lista / bókasafns aðstaða.

<https://www.lires.org/>

Olivier byrjaði og kynnti hópinn fyrir heimamönnum.

Group de Toulouse sem hefur áhuga á þjálfun. Ecoasis fékk aðstoð frá einhverju af þessu fólki sem er hér. Lýstu ánægju með að fá heimsókn, oftast fara þau í burtu ca 30 sinnum á ári til að selja bækur og vinna frá Belgíu til Spánar.

Bókabúðin opnaði fyrir 18 árum. Vinna með fólki sem vinna að ýmsum staðbundnum verkefnum.

Vildu fundarstað og bókabúð og staðurinn varð til. Áhugi á málefnum dreifbýlis. Fyrst unnu þau að eigin verkefni að koma staðnum af stað en síðan með öðrum.

Paulo Freire var nefndur í þessi sambandi að verið er að vinna með ýmsum hópum sem oft eiga ekki rödd. Þessi stefna varð grunnurinn að vinnunni. Freire sagði að allir ættu að hafa aðgang að menningu og vann eftir því að ef þú vilt eitthvað mun það verða til.

Þegar þau byrjuðu var enginn áhugi á þessu á þessu svæði og enginn markaður fyrir það sem þau



voru að gera en þess vegna vildu þau koma þessu af stað. Þar sem enginn markaður er vildu þau búa hann til, í raun prófa aðferðirnar á sjálfum sér. Þau voru hugrökk án markaðar og þurftu rekstrarmódel sem myndi ganga. Lausnin var að opna miðstöð á hvaða tíma sem er. Það er alltaf opið þegar einhver vill koma, um helgar og á hátíðum, bara lokað á mánudögum. Fyrst þarf að hafa mikið opið, síðan að gera ekki of mikið, þau hættu ekki að vinna annað strax en gerðu þetta með öðru. Bæði voru í vinnu annarsstaðar annað þeirra í tvö ár eftir að starfsemin fór af stað og hitt í átta ár í vinnu hjá svæðisstjórnvöldum. Þau héldu að það væri gott að vera í vinnu annarsstaðar og vera með þessa starfsemi var ekki vel tekið og þau fengu ekki stuðning því þetta væri bara einhver tólmstundaiðja. Þarf að muna að þetta gerðist fyrir ca 20 árum og ýmsir áttuðu sig alls ekki á því að það væri viðeigandi að hafa mat á bókasafni og bókabúð.

Hvað sem menningarelitán sagði gerðu þau þetta og það var ekki markmiðið að vera með bókasafn eingöngu heldur menningarmiðstöð. Fundaraðstaðan er fókúsin en ekki bara bókasafn og bókabúðin.

Spurt var um það hvort bókabúð væri ekki að selja og kaupa bækur og pappír. Þetta er annað en það og til dæmis höfðu bókasöfn á svæðinu áhyggjur af því að hér yrði bókasafn en þetta er fyrst og fremst bókabúð, 2.500 bækur í búðinni, 420.000 EUR velta á ári, bara 60.000 EUR fyrir veitingar. Peningarnir sem koma úr veitingasölnunni eru fljóttari að koma, kaupa hráefni og selja það strax en bækurnar eru lengur að seljast. 3,5 starfsmenn og vörumerki, Independent Bookshops, og eru ein um það hér á svæðinu og fyrsta bókabúðin í dreifbýli sem fékk þetta merki. Til að fá merkið, þarf að hafa starfsmenn, að selja bækur og vera með menningarstarfsemi.

Tvær leiðir til að fá hagnað, stundum ættu þau að loka ákveðna mánuði því það er lítil sala. Það er þessa mánuði sem félagslegi og menningarlegi virðisaukinn verður mestur.

Til að nefna dæmi, janúar gefur 15.000 EUR en kostnaðurinn er 30.000 EUR við starfsmennina.

Hagnaður aðra mánuði vinnur þetta upp, á sunnudögum er hellingur af fólki hér sem kaupir ekki margar bækur en það er mikilvægt að fólk geti komið og átt samræður og slíkt.

Ræturnar liggja allar í félagslegum umbótum. Þau vilja vinna að þróun svæðisins. Þau völdu bækur ekki bara af því að heldur vegna þess að þeim finnst bækur vera eftirsóknarverðar en það hefði getað verið eitthvað annað. Þetta fer vel saman við það sem þau vilja vinna að í samfélaginu og á svæðinu. Þau eru sérfræðingar í þróun svæðisins, fara mikið út að hitta fólk, hafa margar tengingar og samstarfs aðila. Þau selja ekki hvaða bækur sem er heldur um það sem þau vilja koma á í samfélaginu. Þau höfðu tekið fram bækur á borð í salnum sem tengjast því málefni sem við erum að hugsa um. Þegar um er að ræða viðburði vilja þau hafa með sér bækur sem tengjast því sem viðburðurinn er um. Þetta er í raun aktivismi, þau eru alltaf gagnrýnin á sjálf sig og vinna að lausnum en margir stöðva of mikið við vandamálin en leita ekki lausna. Það er dálítið erfitt að vinna svona og þreytandi.

Það er mikilvægt að hafa bækur til að örva hugsunina. Dæmi um þetta var að heimspekingur kom á fund og var með bók með sér en ekki ein einasta bók seldist. Það var vegna þess að fólk var hrætt að kaupa bókina af því að það hélt að það myndi ekki skilja bókina. Þau settu af stað viðburði til að læra að skilja bækur, höfundur kemur og fólk les og fær viðbótarupplýsingar og skýringar. Á þessum

viðburðum kemur fram að fólk nýtur þess að lesa og er stolt af því að geta lesið texta sem þau eru hrædd við og þetta tekst vel. Mjög gott samband við höfundinn og báðum líkar það vel.

Leggja áherslu á að þau eru af svæðinu og leggja sig fram um að sinna því. Hafa tengsl við menningar og önnur samtök sem starfa á svæðinu. Fræðslufundur um staðbundna verslun til dæmis. Mikilvægt samband við svæðið og vonandi hagnaður í báðar áttir. Öll sveitarfélögin skipuleggja allskyns hátíðir sem velta miklum peningum, vilja sveitarfélögin frekar kaupa Coke og kartöfluflokkur eða eitthvað sem búið er til heima. Þetta virkar og kostar ekki meira.

Þessi hugmynd kemur frá svæðissamstarfsaðilum?? Þau hafa persónulega reynslu og færni og geta skilað þeim til þeirra sem þurfa og tengt fólk saman. Nýtt verkefni um bókaskreytingar.

Valdas spyr: eru þau héðan eða annarsstaðar? Þau voru í Toulouse en fluttu smám saman úr borginni. Byrjaði með þau komu á miðaldahátíð. Fyrsta atriðið var að finna stað og kaupa hús. Það var til sölu og ódýrt að kaupa, gott fyrir reksturinn að byrja á ódýru húsnæði, tók 9 mánuði að koma því af stað. Hvernig var þeim tekið? Fólk bar virðingu fyrir því að þau voru að leggja sig fram. Eitt af því sem þau eru hvað stoltust af er þegar þau fóru til menningayfirvalda fyrir tíu árum var þeim illa tekið og enginn hafði trú á þeim, núna þaðst sami aðillinn afsökunar á því að hafa tekið þeim svona illa. Nú er verið að styrkja svona starfsemi og þeir sem standa að nýjum verkefnum þakka þeim fyrir að hafa sýnt fram á að þetta er mikilvægt. Það eru dæmi um að bækur hafa verið mjög mikilvægar til að hafa stað til að koma saman á, bókakaffi var startað í Mostar eftir stríðið.

Þetta með félagslegan ávinning af þessu, má heyra meira um það og hvernig því er viðhaldið eftir þeirra dag? Segja að þau hafi verið hér í 17 ár og mikilvægt sé að tala um að það taki tíma að koma sér fyrir, það er lítil þolinmæði fyrir mistök, ef mistök verða er strax sagt að ekkert sé hægt að gera í dreifbýli. Margir foreldrar hvetja börnin til að fara af því að það sé ekki framtíð hér en þetta verkefni hristir upp í þessu og þeim hugmyndum að betra sé að fara en að reyna að gera eitthvað, það er sem sagt rangt að ekkert sé hægt að gera í dreifbýlinu.

Það er skrítið að íbúar og yfirvöld á svæðinu líta ekki á þetta sé auðgandi fyrir svæðið en fólk lengra frá líti svo á. Það þarf stanslaust að hafa fyrir hlutunum og þau séu alltaf að róa gegn straumnum. Fólk kemur til að fá spurningar og hugmyndir en flestir skila ekki neinu til þeirra. Það er ennþá ekki í raun um samvinnu að ræða við fólk á avæðinu heldur aðallega að aðrir þiggja af þeim en þau fá lítið í staðinn. Sumir segja þeim að þau þurfi að vinna með breiðari hópi fólks, það tengist spurningunni um áfamhald starfsins.

Eitt af því sem þau hafa gert, í Frakklandi er mikið unnið með bækur fyrir börn með miklu myndefni og litlum texta. Fólk var að vinna með börn og lærði að vinna með bækur. Þau sýna bækurnar og lesa fyrir þau. Þau fóru að fara með einhverjum sem las textann en börnin fylgdust ekki með textanum heldur horfðu á myndirnar og bjuggu til sögu fyrir sig. Fullorðna fólkíð leiðrétti börnin og sagði að sagan sem þau skynjuðu væri ekki rétta sagan. Fyrst var hugmyndin að það væri kannski ekki rétta leiðin til að skapa hugmyndir hjá börnum. Samfélagið notar texta en við erum mikið að vinna með myndefni en menntunin fjallar ekki um myndmálið. Hver kennir að lesa myndir? Í Belgíu

er rík hefði fyrir teiknimyndasögum og kennarar kenna að lesa þær. Þegar þau voru að hugsa um þetta var morðið á Charlie Hebdo. Það benti enn frekar til þess að mikilvægt væri að vinna með myndmál og kenna það. René bendir á að áður voru teiknimyndasögur ekki álitnar vera alvöru bækur en það er að breytast.

Bent er á að oft er fólk að koma inn til myndlistarmanna og hér er það einnig að engin myndlistarstarfsemi var hér. Eins og venjulega þá ákváðu þau að koma af stað slíkri starfsemi sem ekki var til áður. Byrjuðu að koma af stað grafíkaðstöðu, hittu teiknara og listamenn, þau sögðu að teikningarnar eru túlkun textans. Ef Rauðhetta er tekin sem dæmi hafa margir teiknað við þá sögu en ekki með sama hætti enda er hægt að túlka margt þar á mismunandi hátt. Þau eru flink í að búa til viðburði, sumardagar fyrir teikningar, fá til sín einn þekktasta teiknara Frakklands sem sagði að ef viðburðurinn verður til komi hann. Vinna með að fólk læri með því að gera. Teiknarinn kom með sjö aðra þekktu teiknara. Til að viðburðurinn virkaði þurfti einhverja til að draga fólk að. Ef fólk vill koma einhverju af stað þarf að vera metnaðargjarn strax frá byrjun.

Hafa haft þá mynd að frá byrjun að teiknarar eru aldrei gerðir að aðalatriðinu, textahöfundurinn er aðal. Teiknararnir voru feimnir því þeir höfðu ekki unnið með öðrum, þjuggust við ungu fólk en það var fólk af öllum öðrum gerðum sem kom. Sumir frá bókasafninu á staðnum kom, fólk sem þau áttu ekki von á að kæmi. Ekki þjálfun eða kennsla en unnið saman. Nú kemur fólk víða að á þessa viðburði, frá Belgíu, Sviss og öllu Frakklandi. Félagslega hliðin er að þau reyna alltaf að ná í fólk sem ekki er í hringiðunni, ungt fólk sem hefur hætt í skóla og fleiri. Til að ná í þetta fólk komu þau á sambandi við allskyns aðila sem vinna með þeim, það er mjög erfitt fyrir þessa aðila að benda á ungt fólk með því að nefna styrkleika en ekki bara benda á vandamál. Brottfallsnemarnir gerðu grafíkverk sem eru sýnd í salnum sem við vorum í. Sveitarfélagið er að viðurkenna að myndlist / teikning getur verið áhrifavaldur í að vinna með ungu fólk í vandræðum og nú vilja þau kalla sveitarfélagið teiknasamfélagið. Á stærra svæði hafa sveitarfélögin orðið ásátt um að hægt væri að nota listina sem aðdráttarafl eða einkenni. Að lokum ræddu þau um tvo hraða. Að vinna með sveitarfélögum tekur oft langan tíma en sumt tekur stuttan tíma. Vildu kaupa hús fyrir starfsemi og ræddu um yfirvöld á öllum stigum. Þau fengu það svar að það gengi ekki, yfirvöldin gátu ekki gert það en fólkíð sjálft vildi vera með, til varð 20 manna hópur sem keypti húsið sem verður að húsi teiknaranna.

Að halda verkefninu áfram, bókabúðin heldur áfram og vonandi vill einhver taka við henni. Þau eru sífellt að vinna að nýjum verkefnum og geta ekki látið neitt af hendi eða hætt. Á næstunni gefa þau út þrjár bækur, þau myndu halda útgáfunni, bókabúðinni sem þau flytja á milli.

Eftir hádegisverðinn fórum við aftur í salinn og ræddum aðeins um hvað við höfðum gert í vikunni. Jasmina benti á að territory er með ákveðna eiginleika og þarfir og mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim. Bent var á að dagskráin hefur verið mjög lærdómsrík og fólk tekið margt inn en kannski líka oft heldur ruglandi.

Fyrst að vinna með það sem kom út úr miðaæfingunni hjá Cyrcee.

Svo tók við að vinna úr því sem fólk hafði upplifað.

Líka að skoða hvernig upplýsingar um

Útkoman úr miðunum bjó til nokkur hugtök um svæði, aðferðir og leiðir til að vinna skipulega.

Samvinna

þarfir

Rannsóknir

Ferli

Samhengi / svæði.

Attractive territory, to remember the geographic situation, environment,

Fólk / samhengi

Leiðtogi motor

Values gildi / tilfinningar

Opinn hugur Nýjungar að vera opinn fyrir nýjungum.

Samskipti / communication

Nú skrifaði hver maður gott og slæmt og þeir miðar voru settir á sömu blöðin og miðarnir sem höfðu áður verið notaðir og þannig fékkst strax hugmynd um hvar voru veikir hlekkir í því sem við höfðum séð og hvar virtust hafa komið fram sterkir hlutir.

Svo var unnið í hópum, annar hópurinn vann með leiðir til að koma upplýsingum á milli og hinn við að endurbæta grid eða þær spurningar sem þarf að nota við að skoða svæði.

Grid: Ákveðið að nota það sem frönskumælandi hópurinn setti fram / hringurinn.

Við tókum þátt í umræðu um samskipti og upplýsingar. Aðallega um myndbönd sem yrðu til frá hverri heimsókn.

Við munum hafa video um hverja heimsókn. Erfitt að hafa hljóð með.

Tæknileg hlið fyrir gestgjafana að hafa einhver tæki og aðstöðu til að gera þetta.

Hafa vefsíðu.

Hafa tvö viðtöl frá hverjum stað. Myndir af svæðinu.

Myndir frá fundum og heimsóknum hópsins, myndir af hópvinnum úr verkefninu.

**Föstudagur 10. nóvember 2017.**

<http://compagnonsdoutourdefrance.org/>

Compagnion eru samtök handverksmanna, þrjú samtök og þetta er eitt af þeim. Þetta byggist á því að vera í skóla en fara svo vítt og breitt um Frakkland í þjálfun. Ný bygging bæði með verkstæðum fyrir málm og byggingagreinar og heimavist. Þessi staður er kallaður Eco Campus Toulouse. Þessi samtök hafa svona miðstöðvar út um allt Frakkland. Allar miðstöðvarnar vinna sjálfstætt en eru í samtökum. Miðstöð í París sem samhæfir.

Ein landsmiðstöð í París, 15 svæðissamtök, 15 center eins og hér, 500 nemendur á ári og nemarnir færa sig á milli á hverju ári. Tekur 5 – 7 ár að útskrifast, á hverjum stað eru nemendur í skóla og vinna í fyrirtæki.

35 smærri miðstöðvar, ein stofnun á Evrópuvísu, 11 miðstöðvar fyrir námssamninga, 20 framhalds Atelier?? 2000 ???manns sem hafa lokið þjálfuninni og vinna við þetta. 650 nemendur 2500 namar í starfsnámi en ekki komnir í þetta kerfi. 8000 ungir fullorðnir stunda nám á þessu sviði, ca 1.400.000 stundir í símenntun fullorðinna, svona kerfi er líka í fleiri löndum og þessi kerfi tengjast í Evrópusamtökum, þessi hefð hefur Unesco viðurkenningu á því að þetta sé menningarlega mikilvægt, 315 ????

Næstum allir ná að klára og fá vinnu..

BIM er einhverskonar undirbúningsnám sameiginlegt fyrir margar iðnir. Nú er reynt að tengja þessar stéttir saman þannig að allir hafi heildarmynd.

Margar iðnir taldar upp, sumar mjög sérhæfðar, og á mismunandi hæfniprepum, bæði grunnþjálfun og framhald. Leggja mikið uppúr orkusparnaði og öryggismálum

CAP – tvö ár

BAC pro – tvö ár

BTS -

Licence PRO alls sjö ár.

Á hverju ári eru 400 stundir af þjálfun tvær vikur í skóla og fjórar á vettvangi. Þegar namar byrja eru þeir 15 ára og fá strax nemalaun. Í Frakklandi fá fyrirtækin styrki til að taka nema. Með aukinni hæfni færst nemarnir til í vinnunni.

Líklega er ímynd verknámsins að batna, hefur verið léleg, tekið er þátt í verklegum keppnum. Leggur áherslu á að vinnan er ekki eingöngu að gera eitthvað heldur að hugsa, skipuleggja og velja leiðir og efni.

Hvaða kröfur eru um inngöngu? Lestur og reikningur á eðlilegu stigi miðað við 15 ára aldur. Hægt er að fá aðstoð til að ná meiri hæfni í almennum greinum. Brottfall er lítið, namar þurfa að hafa nemasamning áður en byrjað er. Í þrjár vikur er þjálfun í því sem þeir vilja verða. Eftir það geta namar skoðað hvort það sé eitthvað sem hentar þeim.

Sá sem sagði okkur frá er:

Hefur víðtæka reynslu sem brottfallsnemi en lauk námi sem byggingamaður og fór í upplýsingatækni, verkfræðingur, kennari og síðan að sjá um kennslumál og skipulagningu. Fór í gegnum þetta kerfi og er líka í sveitarstjórnarmálum.

Með okkur á fundinum var formaður stjórnar MFR Xavier . Hann var með í fyrra verkefninu og fór til Litháen.

Á miðöldum var þjálfun þeirra sem voru að byggja kirkjurnar byggð á því að vera í vinnu á sumrin en í námi á veturna. Þetta companion dæmi er að læra bæði fagið en öðlast líka ýmsa félagsfærni, menn biðja um að verða hluti af stéttinni, bæði faglega og þátttakandi í þjóðfélaginu. Greinilega að hluta til leið til að halda við hefðbundnum vinnubrögðum og gildum, jafnvel að halda þeim í lokuðum hópi.

Vanessa Gautier frá F3E sem eru samtök margra samtaka sem vinna með samfélagsbreytingar. Vilja reyna að bæta starfsemina með því að greina sína starfsemi og aðferðir. MFR er meðlimur í F3E.

Erfitt að vinna að félagsumbótum og mikið unnið með magnbundin gögn sem oft er erfit að skilja. Verið er að prófa ýmsar nálganir um það hvernig hægt er að vinna að breytingum.

F3E kemur inn í InnoVET að því leyti að aðstoða við að skoða hvernig er hægt að vinna að breytingum.

Skilja COA Change - oriented approaches.

Unnið í hópum annar hópurnir vinnur að því að skoða Google form spurningalista sem var notaður til að meta fundinn í Brussel og hinn hópurnir vann með Form sem lagt var fyrir hópinn á miðvikudag í þessari viku.

Hópurinn sem skoðaði Google formið var á því að það var gott að hafa mismunandi gerðir spurninga. Hinsvegar má skoða vel hvernig spurningunum var raðað upp, gera fyrirmælin skýrari og nokkur atriði varðandi uppsetningu á spurningunum. Til dæmis var fólk beðið að nota broskalla en enginn vissi hvað einn broskall myndi merkja eða þrjú broskallar eða hvort ætti að nota einn broskall til að sýna tilfinningar þess sem svarar.

Spurningarnar voru fyrst á frönsku og ensku en svo bara á ensku.

Innihaldið var gott en ekki var samt alveg víst hvort átt var við einstaklinginn eða stofnunina sem viðkomandi kom frá, spurt um hlutverk og um efnisatriði sem einhver áttaði sig ekki á hver gætu verið.

Charlotte Mestre MFR Auvergne – Rhone Alps

Hópurinn sem skoðaði formið sem fólk var beðið að svara á miðvikudaginn ræddi um hvernig hægt væri að nota það til að draga ályktanir, að væri almennt.

Vantaði að spyrja um hvað vantaði og fara dýpra í atriðið sem viðkomandi vildi benda á. Hægt að skipta forminu aðeins upp og orða það skýrar. Greina samhengið, greina aðferðir og greina út frá persónulegum hlutum. Biðja um setningu sem lýsti því sem þér fannst vera aðalatriðið.

Vanessa bendir á að bæði þessi form eru notuð mjög fljótt eftir að fólk upplifði en við munum líka nota form sem eru ætluð til að skoða heildina og fá umhugsunarfrest.

Sýndi glæru með hringjum, Innst eru þátttakendur, stærri hringur eru þeir sem eru í InnoVET og yst er hringur sem inniheldur líka umhverfi þeirra sem eru í verkefninu, svæðið þeirra og kerfi.

Sýndi spurningar: til að nota eftir hádegið.

**Hvað breyttist núna? Hvenær, hver, hvað?**

Okkur finnst við vera meira meðvituð um að VMA er hluti af samfélaginu, / svæðinu og þarf að gera sig gildandi sem meiri þátttakandi í stefnumótun.

Að VMA þurfi að hafa formlegri leiðir til að vera í tengslum við.

Að hugsa stærra og um fleiri svið en bara skólann.

**Af hverju (útskýra skilgreina)?**

**Og hvað svo? Hvað segir þetta okkur um verkefnið?**

**Hvað næst? Ákvarðanir sem þarf að taka?**

Frá öðrum komu:

Offa.

Á persónulegum level að skilja betur hvað svæðið merkir.

Á stofnana level, skýrir reglur sem gilda í stofnuninni, allir gerðu allt og nú sjá þau betur hvað þau eru að gera á Evrópskum level.

Áhrif af þátttökunni, framtíð þróunar stofnunarinnar á svæðinu, að fella niður hindranir og styrkja tengsl þeirra sem eru að starfa saman en ekki bara vinna með takmörkuðum hluta af kerfinu.

IFOCAP

Hugsar öðruvísi um hlutina af því að dæmin sýna að þau byrjuðu að starfa fyrir löngu síðan því þetta tekur allt tíma.

Í þessari viku byrjuðum við að ræða um aðráttarafl svæðisins en nú erum við meira að hugsa um að tilheyra svæðinu.

Að samtökin eru að vinna með ákveðna atvinnugrein en ekki með svæðishugsun. Eftir þetta myndum við vilja setja svæðishugsun í vinnunina, þurfum samt að finna út hvernig. Í bókabúðinni sáum við að hún fór smám saman að gera sig meira gildandi í samfélaginu.

Eftir vikuna höfum við meiri rétt til að tala um svæðishugsun.

MFR Reunion

Nýjar aðferðir til að greina hlutina, nýjar leiðir til að greina svæðið sem þeir hafa náð sér í.

Náðu sér í nýjar leiðir til að skoða hlutina og festast ekki í einhverjum hindrunum.

Viva Sol

Þróa hugmyndir sínar um sig og hvort þau geti haft áhrif á svæðið en vita ekki hvað eða í hvaða áttir.

MFR France

Frá byrjun verkefnisins hafa þau unnið meira saman meðal annars með því að styrkja Aurelie til að taka meiri ábyrgð.

Finnast þeim létt því að þau sjá að hópurnir þróast mjög hratt og allir taka ábyrgð á verkefninu, allir vinna með hugmyndirnar og við erum byrjuð að koma með svör.

MFR Bosníu er nýr aðili.

Verkefnið er að vitnast til annarra og fleiri vilja tengjast því.

NapoCap

Höfum breyst og styrkt tengslin við aðra orðin vinir og kunningjar.

Hægt að yfirfæra hugmyndir og aðferðir sem þau hafa séð hér á sitt svæði.

Þau skilja betur hvernig þjálfunarkerfið Alternance virkar.

MFR Bosníu.

Voru ný í verkefninu, hafa ekki unnið saman áður en hafa unnið með öðrum og þurfa að vinna með ennþá fleiri til að ná árangri.

Þurfa að vera þolinmóð því að þau héldu að þau þyrftu að gera eitthvað strax en hlutirnir gerast hægt.

Þurfa meiri athuganir á sævinu og skoða betur möguleika fyrir bæði fullorðna og yngri varðandi nám og þjálfun, þurfum ekki bara að hlusta á einn heldur að heyra álit frá fleiri aðilum.

Flest atriðin flokkast undir capacities eða möguleika á blóminu.

Vanessa Gautier. Blóm breytinga.

Vinnubrögð Practices  
processes, methodologies rules

Capacities	breytingar	Hegðun behaviour
Learning, empowerment	Change	Attitudes relationships

Actions – aðgerðir  
Virgni activities strategies

Rene nefnir að það þarf að fara varlega í að flokka breytingar, hegðun er mikilvægur hluti af menntun og þjálfun.



Hádegisverður í mötuneyti skólans, þrír réttir með osti fyrir desertinn.

Vanessa Gautier.

Sýnir stutt video

Oft er verið að skoða hvað er mælanlegt og hægt að meta.

Greina virkni og skoða hvort þu skiluðu árangri.

Allt er fyrirfram ákveðið, meðal annars þeir vísar sem segja til um árangur.

Oftast með tölum frekar en eigindlegum kvörðum.

Þegar við vinnum við flóknar aðstæður og við vinnum með eitthvað sem erfitt er að hafa hendur á er það sem skiptir máli það hvað breyttist og hvernig við stuðlum að breytingum / gerum breytingar líklegri.

Uppruni Prisme.

Hvernig á að meta eigindlegar breytingar?

Mismunandi aðferðir

Breytingafræði

Kortleggja breytingar

Taka saman útkomuna

Most significant change MSC

Tvær aðal aðferðir

Deductive TOC

Inductive OH/MSC

Prisme er samsafn allra aðferða.

Aðal hugtök COA (Change oriented approach) versus ROA ( results oriented approach)

Starsta með jákvæða sýn (forðast að einblína á vandamálin.

Einblína á þá sem eiga hlut að máli.

Hugsa um stigin sem þarf að ná til að ná að uppfylla sýnina - ferli

Aðstoða þá sem hlut eiga að máli þannig að þeir geti orðið höfundar sinna breytinga. (Participation / ownership)

Taka með í reikninginn að hlutirnir eru flóknir og margir eiga hlut að máli. Vatn kemur úr dælunni en að baki eru margar aðstæður sem koma að þessu máli.

Oft er markmiðið skýrt en ekki endilega hvernig öll litlu skrefin leiða til þess að markmiðinu verði náð.

Það sem gerist er ekki einfalt eða með einfaldar afleiðingar og oft þarf að skoða fleiri aðstæður, mynd af sérfræðingi í breytingastjórnun að stíga í blindni á hættulega gildru en heimamaður er að reyna að benda á gildruna.

Samhengi

Sýn

Breyingaaðferðir

aðgerðir

mat

Vanessa sýnir uppástungur fyrir hvert þrep.

Tools tímalína Hvað hefur gerst og hvað hefur verið gert á hverjum tíma. Ætti að gefa sameiginlega greiningu.

Tool: SWOT greining.

Hlutaðeigandi: oft vantar að kortleggja betur hverjir eiga hlut að máli og hvernig þeir tengjast. Nota sammiðja hringi til að setja upp kort af hlutaðeigandi aðilum og tengja þá saman, hægt að flokka eftir lögum /hringjum.

Kortleggja hlutaðeigandi eftir sýn, hvernig koma þeir að því að skapa og ná þeirri sýn sem við höfum um framtíðina.

Kortleggja hlutaðeigandi til dæmis á tveggja ása mynd, vald til að skapa breytingar, áhugi á breytingum, báðir ásar með neikvæð og jákvæð gildi.

Skoða hlutaðeigandi með því að nota lýsingar á valdi, vald yfir, vald til að, vald með, vald innan.

Greina samhengið.

Hverjar eru takmarkanirnar og tækifærin í umhverfi okkar?

Hverjir eiga aðallega hlut að máli?

Lærðum af Prisme

Benda á nýja hluteigandi aðila.

Betri skilningur á tengslum hlutaðeigandi.

Erfitt að greina tengsl hlutaðeigandi innan verkefna sem network eiga aðild að.

Hvernig?

Skrifa hver maður síðan í litlum hópum og svo öll heildin.

Fá lítinn hóp til að taka saman, hvnær, hver, hvað.  
Líka hægt að teikna sýnina.

Sýnir dæmi um sýn í orðum.

Skilgreina langtíma sýn til 5 – 10 – 15 ára.  
Yfir hvað nær sýnin? Hvaða svið eru mikilvægust?  
Lærðum af Prisme.

Öflug, hreyfir við fólki.  
Tekur tíma.  
Hjálpar að skilgreina enn frekar hlutaðeigandi  
Byggir á því hvernig þú greinir innihaldið.

1 Hlutaðeigandi - 1 stór breyting - 1 eða nokkrar leiðir til breytinga.  
Beta að hver hlutaðeigandi horfi á eina breytingu.

Sýnir nokkuð flókna mynd sem sýnir ferli breytinga.

Að hanna ferli breytinga.  
Spurningar?  
Hverjar eru megin áskoranirnar?  
Hver eru helstu skrefin að hverri þessara breytinga?

Lærðum af Prisme:  
Lykilskefin í breytingunum.

Mikilægt að hafa sameiginlega ábyrgð á breytingunum. Sértaflega fyrir svæðisverkefni.

Beðið um að einhverjir þrír fjórir úr hópnum taki að sér að skoða hvaða spurningar verði notaðar og þeim breytt til að skoða breytingaferlið í verkefninu.

Spurningar fyrir Olivier um fundinn á Akureyri.

Hve margir myndu koma?

Þýðing? Þýðandi?

Dagsetningar.

Tuesday March 6. 2018 Not available for direct flight Keflavik – Akureyri

Saturday March 10. 2018 Not available for direct flight Akureyri – Reykjavik.

For all partners

Travel day to Akureyri arriving at 18 – 20 h

Two – three days in Akureyri

Half day at VMA (school system, the territory, the school itself).

Trip to Myvatn?? Half a day

Half a day. Seminar where we have presentations from players in the territory.

Half a day. Visits to three places in Akureyri.

Half a day. Review of the visit.

Travel day from Akureyri either using direct flight Akureyri – Keflavik

3.00 AM at airport, flight 4.30 – 5.20 and then a morning flight to Europe.

Hvaða aðila myndum við heimsækja?

Kostnaður við gistingu?

13000 ISK per night single at Hotel KEA = 100 EUR per night

Kostnaður við ferðir og mat? Myvatn minibus rental + private car??